

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 16. nóvember 2018
UST201811-078/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulag fyrir Drangshlíðardal í Rangárþingi eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Drangshlíðardal í Rangárþingi eystra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagi nær til um 3,6 ha af jörðinni Drangshlíðardal, íbúðarhúsalóðinni Drangshlíðardals 2 og tveggja frístundalóða. Einnig kemur fram að í deiliskipulaginu eru skilgreindar lóðir, byggingarreitir, heimarafstöð með inntaksstíflu og vatnspípu, ásamt nýjum vegslóða að stíflunni.

Umhverfisstofnun bendir á að hluti svæðisins sem hér um ræðir nær til friðlýst svæðis sem nefnist Skógafoss Jaðarsvæði og er um 0,53 km² að stærð.


Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987. Stærð 165,2 ha, en í auglýsingunni segir m.a.: „Á jaðarsvæðinu gilda ekki reglurnar um náttúruvættið, en öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].“

Umhverfisstofnun telur mjög mikilvægt að ofangreint komi fram í skipulagstillögunni.

Virkjun Dalkvíslar


Í greinargerð kemur fram að framkvæmd við heimarafstöð er tilkynningaskyld til sveitarstjórnar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br., sbr. flokk c liður 3.23 í 1. viðauka: Vatnsorkuver með uppsett rafafll allt að 200kW.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allt umfang í tengslum við fyrirhugaða virkjun verði haldið í lágmarki og rask verði með minnsta móti á jarðvegi og gróðri. Einnig telur stofnunin að mikilvægt er að mannvirki falli vel að umhverfinu og að ásynð svæðisins skerðist ekki. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.“



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur